

Erindisbréf fyrir foreldraráð grunnskóla

1. gr.

Við hvern grunnskóla í Garðabæ skal starfa foreldraráð samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

2. gr.

Foreldraráð er formlegur og lögbundinn vettvangur til að koma sjónarmiðum foreldra um skipulag, innihald og áherslur í starfi grunnskólans á framfæri við skólann og bæjaryfirvöld.

Verkefni foreldraráðs eru m.a.:

Að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahald.

Að gefa skólanum og skólanefnd umsögn um skólanámskrá þar sem fjallað er um atriði er varða innra starf skóla s.s. skipulag náms og kennslu, skólareglur, öryggismál, skólatíma, skóladagatal, námsmat, mat á skólastarfi, endurmenntun kennara, félagslíf í skólanum og annað sem varðar starfsemi skólans

Að gefa skólanum og skólanefnd umsögn um aðrar áætlanir er varða skólahaldið s.s. fjárhagsáætlun, áform um skólabyggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur.

Að hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum barna í grunnskólum Garðabæjar

Að hafa eftirlit með því að skólayfirvöld fullnægi þeirri skyldu sinni að tryggja öllum börnum í Garðabæ á aldrinum 6 til 16 ára skólagöngu eins og lög gera ráð fyrir.

Að fylgjast með að áætlunum skólayfirvalda um skólahald í viðkomandi skóla sé framfylgt.

Að fjalla um önnur mál er varða stefnu skólans og heildarhagsmuni nemenda og almennt skipulag skólans.

3. gr.

Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð skólans til tveggja ára í senn.

Í foreldraráði eiga sæti þrjú fulltrúar foreldra og þrjú varamenn sem ekki eru starfsmenn skóla eða kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn eða skólanefnd.

Fulltrúar í foreldraráði skipta með sér verkum (formaður, varaformaður, ritari) á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningar hverju sinni og leggja drög að starfsáætlun sinni.

Foreldraráð skal setja sér starfsreglur þar sem m.a. skal koma fram á hvern hátt val á fulltrúum í foreldraráð fer fram. Starfsreglurnar skulu lagðar fram til staðfestingar í skólanefnd.

4. gr.

Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá. Foreldraráð skal koma saman eigi sjaldnar en fjórum sinnum yfir skólaárið. Foreldraráð skal halda fundargerðabók.

Fundargerðir foreldraráða skulu sendar skólastjórnendum og fræðslu- og menningarsviði til upplýsinga. Garðabær greiðir þremur aðalfulltrúum í foreldraráði fyrir fundasetu á sama hátt og gildir um almennar nefndir bæjarins, sem skipaðar eru af bæjarstjórn.

Fundargerðir foreldraráða skulu berast bæjarskrifstofu Garðabæjar eigi síðar en viku eftir

að fundur hefur verið haldinn.

Foreldraráð skal varðveita gögn sem tilheyra foreldraráðinu.

5. gr.

Foreldraráð starfar með skólastjóra að heildarhagsmunum nemenda. Skólastjóri veitir upplýsingar um skólastarfið og niðurstöður mats á starfi skólans. Tvisvar á vetri skal foreldraráð sitja sameiginlega fundi með kennararáði og nemendaráði, sem skólastjóri boðar til.

Foreldraráð skal eiga aðgang að gögnum skólans sem eru almenns eðlis og varða hagsmuni allra nemenda, en foreldraráð skal ekki eiga aðgang að upplýsingum um einstaka nemendur. Foreldraráði ber ekki að fjalla um einstaklingsbundin agavandamál innan skólans.

6. gr.

Foreldraráð miðlar upplýsingum til foreldra og tekur við ábendingum frá foreldrum um skólastarfið. Stjórn foreldraráðs skal leitast við að skapa góð tengsl við foreldrafélag skólans. Æskilegt er að einn fulltrúi í foreldraráði sé jafnframt stjórnarmaður í foreldrafélaginu til að halda tengslum þar á milli.

7. gr.

Foreldraráð grunnskólanna skulu hafa með sér samráð og fjalla um mál er varða alla nemendur eða vissa hópa nemenda.

8. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggt er á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla og gildir frá 6. apríl 2000.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

6. apríl 2000

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari